

**REGLUGERÐ  
um breytingu á reglugerð um sprengiefni nr. 684/1999.**

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þær vörur sem getið er um í viðauka VII við reglugerðina teljast annaðhvort vera skoteldar eða sprengiefni. Leiki vafi á undir hvorn flokkinn vörur falla þá sker ríkislöggreglustjóri úr, að fenginni umsögn Vinnueftirlitsins.

2. gr.

Á eftir viðauka VI við reglugerð þessa bætist nýr viðauki, viðauki VII, svohljóðandi:

**VIÐAUKI VII**

**Hlutir sem krafist er ákvörðunar um hvort teljist flugeldavörur eða sprengiefni.**

Sþ nr.	Heiti og lýsing	Flokkur/deild	Orðalisti (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
<b>G-flokkur</b>			
<b>0121</b>	Kveikjur	1.1 G	<b>Kveikjur</b> Hlutir sem innihalda eina eða fleiri tegund sprengifna sem notaðir eru til að setja af stað sprengibruna í sprengifimri tundurslóð. Þá má ræsa efnafræðilega, með rafmagni eða vélraent
<b>0314</b>	Kveikjur	1.2 G	Sjá færslu fyrir Sþ nr. 0121
<b>0315</b>	Kveikjur	1.3 G	Sjá færslu fyrir Sþ nr. 0121
<b>0316</b>	Kveikibúnaður	1.3 G	
<b>0317</b>	Kveikibúnaður	1.4 G	
<b>0325</b>	Kveikjur	1.4 G	Sjá færslu fyrir Sþ nr. 0121
<b>0353</b>	Hlutir, sprengifimir, ekki tilgreindir annars staðar	1.4 G	
<b>0454</b>	Kveikjur	1.4 S	Sjá færslu fyrir Sþ nr. 0121
<b>S-flokkur</b>			
<b>0131</b>	Þráðkveikjarar	1.4 S	<b>Þráðkveikjarar</b> Hlutir af ýmsum gerðum ræstir með núningi, höggi eða rafmagni og notaðir til að kveikja í öryggiskeikjapráðum
<b>0349</b>	Hlutir, sprengifimir, ekki tilgreindir annars staðar	1.4 S	
<b>0368</b>	Kveikibúnaður	1.4 S	

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt vopnalögum nr. 16/1998, svo og með hliðsjón af tilskipun 2004/57/EB öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. febrúar 2007.*

**Björn Bjarnason.**

*Gunnar Narfi Gunnarsson.*